



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Aðventutónleikar

3. desember 2015





MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

**Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.**

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á [ruv.is](http://ruv.is).

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu í Sjónvarpi Símans og eru aðgengilegir áskrifendum útsendinganna í kjölfarið.

Hlé er u.þ.b. 20 mínútur.

**Áætluð timalengd verka:**

Sinfóníur: 11'30"

Brandenborgarkonsert: 17'00"

Trompetkonsert: 8'00"

Vatnatónlist: 24'00"

Sinfónía: 20'00"

Aðalstyrktaraðili:

**GAMMA**



@icelandsymphony

#sinfó

[www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is)

# Aðventutónleikar Sinfóníunnar

Tónleikar í Eldborg 3. desember 2015 » 19:30

**Matthew Halls** hljómsveitarstjóri

**Baldvin Oddsson** einleikari

**Johann Sebastian Bach**

*Hátíðarsvíta af sinfóníum (úts. Matthew Halls)*

*Sinfónía BWV 174 (1729)*

*Sinfónía BWV 156 (1729)*

*Sinfónía BWV 52 (1726)*

*Brandenburgarkonsert nr. 6 í B-dúr, BWV 1051 (1721)*

*Án yfirskriftar (Allegro)*

*Adagio ma non tanto*

*Allegro*

**Tomaso Albinoni**

*Trompetkonsert í B-dúr op. 7, nr. 3 (1715)*

*Allegro*

*Andante*

*Allegro*

Hlé

**Georg Friedrich Händel**

*Vatnatónlist, úr svítum í D- og G-dúr, HWV 349/50 (1717)*

*Allegro*

*Alla Hornpipe*

*Menuet*

*Rigaudon*

*Lentement*

*Bourrée*

*Menuet*

*[Hornpipe]*

*Menuet*

**Wolfgang Amadeus Mozart**

*Sinfónía nr. 35 í D-dúr, K. 385 - Haffner (1782)*

*Allegro con spirito*

*Andante*

*Menuetto*

*Presto*

## Matthew Halls

hljómsveitarstjóri



Breski stjórnandinn Matthew Halls stundaði tónlistarnám við Oxford-háskóla og kenndi þar um fimm ára skeið. Hann vakti fyrst athygli á heimsvísu þegar hann tók við listrænni stjórn tónlistarhópsins The King's Consort og stýrði honum á tónleikum í sölum á borð við Concertgebouw í Amsterdam, La Cité de la Musique í París og Konzerthaus í Berlín. Halls hefur stjórnað hljómsveitar- og kórtónlist við góðan orðstír og verkefnaval hans spannar tónskáld allt frá Byrd til Brittens, frá Gesualdo til Schönbergs. Hann hefur hljóðritað fjölda hljómdiska bæði sem samballeikari og stjórnandi, m.a. fjóra sambalkonserta Bachs og tríósónötur eftir Henry Purcell, en sú útgáfa hlaut fjölda verðlauna.

Halls kom fram á Bach-hátíðinni í Oregon í Bandaríkjunum í fyrsta sinn árið 2011 og tók við stjórn hátíðarinnar af hinum heimsþekkta stjórnanda Helmuth Rilling árið 2013. Þar hefur Halls stjórnað stórum kórverkum allt frá *Mariúsöngvum* Monteverdis til *Upprisusinfóníu* Mahlers, auk þess að stjórna eigin endurgerð á hinni týndu *Markúsarpassíu* Bachs.

Í Evrópu hefur Halls til dæmis stjórnað Mozarteum-hljómsveitinni í Salzburg, m.a. á tónleikum á Salzburgar-hátíðinni 2015, Conventus Musicus Wien, Útvarpshljómsveitinni í Frankfurt, Konzerthaus-hljómsveitinni í Berlín og Fílharmoníuhljómsveitinni í Bergen. Þá hefur hann stjórnað m.a. *Peter Grimes* eftir Britten og *Normu* eftir Bellini við Bæversku þjóðaróperuna í München og Hollensku þjóðaróperuna, auk þess að stjórna óperum á Händel-hátíðinni í Halle. Í Norður-Ameríku hefur hann stjórnað símfóníuhljómsveitunum í Cleveland, Philadelphiu, Indianapolis, Seattle og Toronto. Halls hefur fjórum sinnum áður stjórnað Símfóníuhljómsveit Íslands, síðast í Hörpu í september síðastliðnum.

## Baldvin Oddsson

einleikari



Baldvin Oddsson hóf trompetnám í Tónskóla Sigursveins fimm ára gamall og lauk þaðan framhalds- og burtfararprófi með tónleikum í Seltjarnarneskirkju 10 árum síðar. Baldvin hefur síðan verið við tónlistarnám í Bandaríkjunum, fyrst við Interlochen Arts Academy í Michigan þar sem hann bar sigur úr bítum í einleikarakeppni skólans og lék í kjölfarið einleik með skólahljómssveitinni. Þá nam hann við San Francisco Conservatory of Music og veturlangt hjá trompeteinleikaranum Stephen Burns í Chicago. Baldvin er nú á þriðja ári við Manhattan School of Music í New York.

Baldvin hefur tvívegis áður leikið einleik með Sinfóníuhljómssveit Íslands, fyrst árið 2008 og síðan í janúar síðastliðnum sem einn sigurvegari í einleikarakeppni hljómssveitarinnar Ungir einleikarar. Þá hefur hann einnig tvisvar sinnum komið fram sem einleikari með Sinfóníuhljómssveit áhugamanna, fyrst árið 2007 og síðan árið 2009 þegar hann frumflutti trompetkonsert eftir Oliver Kentish sem tónskáldið tileinkaði honum. Árið 2010 lék síðan hann einleik með Sinfóníuhljómssveit tónlistarskólanna.

Síðla árs 2010 var Baldvini boðið að koma fram í útvarpsþættinum *From the Top* á vegum National Public Radio í Bandaríkjunum, en þátturinn er sendur út á um 250 útvarpsstöðum víðsvegar um landið. Við sama tækifæri hlaut Baldvin hin eftirsóttu Jack Kent Cooke Young Artist verðlaun. Þar að auki hefur Baldvin víða komið fram á tónlistarviðburðum í Evrópu og Norður Ameríku og hlotið fjölda viðurkenninga. Hann var tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2013 sem Bjartasta vonin.

# Johann Sebastian Bach

Sinfóníur



Johann Sebastian Bach (1685–1750) samdi um ævina um það bil 300 kantötur en þær eru ásamt stóru passíunum, óratoríunum og h-moll messunni hans mikilvægustu verk af trúarlegum toga. Kantötur Bachs hafa vegna útbreiðslu og vinsælda eignast sitt eigið hugtak *Bachkantata*. Líkt og aðrar kantötur barokktímans er um að ræða tónverk í mörgum köflum fyrir kór, hljómsveit og einsöngvara til flutnings í Guðsþjónustum (kirkjukantata) eða á hátíðarsamkomum (veralleg kantata).

Ein af skyldum Bachs í starfi sínu sem tónlistarstjóri, var flutningur einnar kantötu í guðsþjónustu alla sunnudaga og samdi hann oftast sjálfur verkin sem flutt voru. Texti kantatanna grundvallast á texta hvers sunnudags; biblíutexta, endursögn hans, jafnvel nýjum skáldskap eða völdum sálum. Undantekning er sálmakantatan sem byggir eingöngu á sálmaversum. Kantötur Bachs hefjast yfirleitt á upphafskór, þó er stundum hljómsveitarinnangangur á undan kórnum eða kemur í hans stað. Síðan kemur söngles, ariur og oft sálmar en síðast lokakór eða lokasálmur.

Kantöturnar BWV (Bach-Werke-Verzeichnis) 174, 156 og 52 byrja allar á sinfóníu. Kantatan BWV 174 ber yfirskriftina *Ich liebe den Höchsten von ganzem Gemüte* (*Ég elska þann hæsta af allri sál minni*) og var samin fyrir messu á annan í hvítasunnu og frumflutt 6. júní 1729. Heiti kantötunnar BWV 152 er *Ich steh mit einem Fuss im Grabe* (*Ég stend með annan fótinn í gröfinni*) og hljómaði fyrst 23. janúar 1729 á opinberunarhátíð, þriðja sunnudag eftir þrettándann. Kantötuna BWV 52, *Falsche Welt, dir traue ich nicht* (*Svikula veröld, ei treysti ég þér*) samdi Bach fyrir 23. sunnudag eftir hvítasunnu og heyrðist hún fyrst í guðsþjónustu 24. nóvember 1726. Öll þessi þrjú verk voru samin og flutt í Leipzig. Á tónleikum kvöldsins heyrast svíta sem hljómsveitarstjórinn Matthew Halls hefur sett saman úr sinfóníunum þremur og útsett.

---

## Tónlistin á Íslandi

Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti kantötur Bachs fyrst á tónleikum 2. maí árið 1968 en þá hljómuðu kantötur nr. 56 og 82. Kantötur meistarans eða stakir kaflar úr þeim hafa í gegnum tíðina oft hljómað á tónleikum hljómsveitarinnar. Síðast heyrðist kantatan *Jauchzet Gott in allen Landen* í heild sinni á aðventutónleikum Sinfóníunnar árið 2013 undir stjórn Matthews Halls þar sem Hallveig Rúnarsdóttir fór með einsöngshlutverkið.

## Brandenburgarkonsert nr. 6

Johann Sebastian Bach fæddist í Eisenach í Thüringen og gekk þar í sama skóla og Martin Luther 190 árum fyrr. Bach missti báða foreldra sína á tíunda aldursári og flutti ásamt bróður sínum til elsta bróðurins sem var organisti í Ohrdruf og bjó hjá honum til 15 ára aldurs. Þá flutti hann til Lüneburg þar sem hann stundaði fiðlu, sembal og orgelnám. Átján ára gamall fékk hann sína fyrstu stöðu sem tónlistarmaður við hirð hertogans Johans Ernst í Weimar þar sem hann þjónaði sem fiðluleikari og organisti. Hróður Bachs sem organista fór vaxandi og starfaði hann sem slíkur við kirkjur í Arnstadt og Mühlhausen áður en hann sneri aftur til hirðar hertogans í Weimar sem aðal-organisti hirðarinnar. Þar samdi hann margar kirkjukantötur og mörg af sínum bestu verkum fyrir orgel, m.a. hina frægu Tokkötur og fúgu í d-moll. Árið 1717 þáði hann stöðu hjá Leopold prins í furstadæminu Anhalt-Köthen. Þar helgaði Bach hljóðfæratónlist krafta sína, samdi hljómsveitarverk, danssvítur og sönötur fyrir ýmis hljóðfæri. Þá skrifaði hann mörg einleiksverk, þar á meðal nokkur af bestu verkum sínum fyrir fiðlu.

Líklega eru Brandenburgarkonsertarnir sex, alla vega einhverjir þeirra, samdir á þessum tíma. Konsertana tileinkaði Bach markgreifanum af Brandenburg árið 1721 en leiðir þeirra höfðu legið saman tveimur árum áður. Konsertarnir eru allir skrifaðir fyrir ólíkar hljóðfærasamsetningar og gera miklar kröfur til flytjenda. Sjötti konsertinn sker sig úr að því leyti, að þar koma fiðlur ekki við sögu eða svo vitnað sé í titilinn á frumriti verksins, *Concerto 6<sup>to</sup> à due Viole da Braccio, due Viole da Gamba, Violoncello, Violone e Cembalo*, þá er hann skrifaður fyrir tvær venjulegar víólur, tvær gömbur, selló, bassa og sembal. Á tónleikum kvöldsins verða gömburaddirnar leiknar á selló.

---

## Tónlistin á Íslandi

*Brandenburgarkonsert nr. 6 hefur ekki áður heyrst á tónleikum hljómsveitarinnar en fjórði konsertinn hljómaði á tónleikum í Háskólabíói 2. maí 1968. Þriðji konsertinn hefur oftast verið fluttur af Sinfóníunni eða samtals fimm sinnum. Fyrst í október 1970 undir stjórn Páls P. Pálssonar. Síðast heyrðist Brandenburgarkonsert Bachs á aðventutónleikum hljómsveitarinnar fyrir ári síðan en þá stjórnaði Dirk Vermeulen fyrsta konsertinum.*

## Tomaso Albinoni

Trompetkonsert



Tomaso Giovanni Albinoni (1671–1751) var elsti sonur ríks pappírskaupmanns í Feneyjum og fæddist þar í borg. Hann varð ungur snjall söngvari og fiðluleikari, en þar sem hann stóð utan félags tónlistarflytjenda, var honum meinað að koma fram opinberlega. Sneri hann sér því að tónsmíðum. Fyrsta ópera hans var færð upp í Feneyjum árið 1694 og tríó-sónöturnar tólf op. 1 sama ár.

Fram að andláti föðursins 1709 sinnti Albinoni tónsmíðum mest í hjáverkum og kallaði sig „Dilettante Veneto“ sem á þessum tíma var jákvætt, kumpánlegt hugtak. Undir venjulegum kringumstæðum hefði hann sem elsti erfingi föður síns átt að taka við stjórn fjölskyldufyrirtækisins að honum gengnum, en í erfðaskránni var hann leystur undan öllum skyldum og þær látnar í hendur yngri bræðra hans. Sneri Albinoni sér því alfarið að tónsmíðum og sagt er að hann hafi einnig stofnað og rekið söngakademíu.

Tomaso Albinoni samdi um ævina liðlega 80 óperur og voru nokkrar þeirra fluttar víðsvegar um Norður Evrópu. Þær voru þó aldrei gefnar út á prenti og eru flestar þeirra nú glataðar. Munu mörg verka Albinonis hafa orðið eldi að bráð í loft-árásunum á Dresden í lok síðari heimsstyrjaldarinnar.

---

### Tónlistin á Íslandi

*Trompetkonsert Albinonis heyrir nú í fyrsta sinn á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Reyndar hefur verk ítalska barokktónskáldsins aðeins einu sinni áður hljómað á tónleikum hljómsveitarinnar en það var 22. desember árið 1992 þegar Rico Saccani stjórnaði hinu fræga Adagio í g-moll sem flestir kannast við úr þáttum Illuga Jökulssonar Frjálsar hendur sem um árabíl hefur verið fastur liður í dagskrá Ríkisútvarpsins.*

Níu söfn með hljóðfæratónlist voru þó gefin út og vegna vinsælda endurútgefin nokkrum sinnum bæði heima og erlendis. Í þeim er að finna 99 sönötur, 59 konserta og níu sinfóníur en þessi verk hafa haldið nafni Albinonis á lofti.

Óbóið var í miklu uppáhaldi hjá Albinoni og var hann fyrstur ítalskra tónskálda til að semja konserta fyrir hljóðfærið. Konsertarnir fyrir óbó op. 7 frá árinu 1715 eru tólf talsins og sjö árum síðar bættust aðrir tólf við safnið undir ópusnúmerinu níu. Konsertinn sem heyrir á þessum tónleikum er umritun á B-dúr óbókonserti Albinonis op. 7 fyrir trompet.



# Georg Friedrich Händel

Vatnatónlist



Georg Friedrich Händel (1685–1759) fæddist í Halle í Þýskalandi, en faðir hans var hárskeri og skurðlæknir. Hann hlaut góða menntun og lærði lögfræði áður en hann sneri sér alfarið að tónlistinni. Händel hóf starfsferil sinn sem organisti við kalvínska dómkirkju í Halle, en gerðist stuttu síðar fiðlu- og semballeikari við óperuna í Hamborg. Þar var síðan fyrsta ópera hans, *Almira*, frumsýnd árið 1703. Händel starfaði síðan á Ítalíu og setti meðal annars upp óperu sína *Agrippína* í Feneyjum. Verk hans hlutu góða dóma og varð hann brátt þekktur um alla álfuna. Árið 1710 var hann ráðinn tónlistarstjóri hjá Georg kjörfursta af Hannover og síðar, þegar furstinn tók við konungdæmi sem Georg I af Stóra Bretlandi og Írlandi, starfaði Händel hjá honum sem hirðtónlistarstjóri og einkakennari dætra hans. Fluttist hann búferlum til Lundúna árið 1712, gerðist breskur ríkisborgari 1727, og bjó þar til dauðadags.

Händel var afkastamikið tónskáld og liggja eftir hann meðal annars 40 óperur, mörg einleiksverk og óratoríur.

Vatnatónlistina samdi Händel fyrir konunglega útihátíð Georgs konungs á ánni Thames þann 17. júlí árið 1717. Hafði konungur beðið tónskáldið að semja hljómsveitartónlist fyrir 50 hljóðfæraleikara og að sögn sjónarvotts samanstóð hljómsveitin af þverflautum, blokkflautum, óbóum, fagottum, trompetum, hornum, fiðlum og bössum. Var hljómsveitin undir leiknum staðsett á pramma úti í ánni. Hreifst konungurinn svo af verkinu að hann lét endurtaka það fjórum sinnum á hátíðinni en hver flutningur tekur um það bil eina klukkustund.

Vegna þess að *Vatnatónlistin* var ekki gefin út fyrr en eftir lát tónskáldsins er ekki vitað með vissu hver upphafleg röð kaflanna var. Var köflunum 22 skipt niður í þrjár svítur eftir ákveðnum reglum og hljóma kaflar úr svítu 2 og 3 á tónleikum kvöldsins.

---

## Tónlistin á Íslandi

Vatnatónlist Händels hljómaði fyrst á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar í desember 1951 þar sem dr. Victor Urbancic stjórnaði flutningnum. Síðan þá hefur hún heyrst tíu sinnum í ýmsum gerðum, bæði í Háskólabíói og úti á landsbyggðinni. Síðast stjórnaði Nicholas Kraemer 2. svítu Vatnatónlistarinnar í Háskólabíói í nóvember 2008.

## Wolfgang Amadeus Mozart

Sinfónía nr. 35 - Haffner



Sigmund Haffner yngri og Wolfgang Amadeus Mozart (1751–1791) voru jafnaldrar og æskuvinir. Faðir þess fyrrnefnda var forríkur kaupmaður og fyrrverandi borgarstjóri í Salzburg og fjölskyldan ein sú virtasta í héraðinu. Höfuð Mozart-fjölskyldunnar, Leopold, var virtur fiðluleikari og kennari sem lagði ofuráherslu á tónlistarframa óvenju hæfileikaríkra barna sinna. Þegar Maria Elisabeth (Lisl) Haffner játaðist Franz Xaver Späth árið 1776, bað Haffner yngri vin sinn Mozart um að semja hljómsveitarverk til flutnings að kvöldi brúðkaupsdagsins og úr varð hin fræga *Haffner-kvöldlokka*. 20. júlí 1782 barst Mozart beiðni um að semja stórt hljómsveitarverk til flutnings í veislu til heiðurs hinum nýaðlaða Sigmund Haffner von Imbachhausen þann 29. júlí sama ár. Mozart var þá nýfluttur til Vínarborgar og að eigin sögn „upp að haus í vinnu“ en þekktist boðið fyrir bænastað föður síns. Ekki fara sögur af flutningi verksins en Leopold Mozart fékk það til skoðunar seint í ágúst. Í desember skrifaði Mozart föður sínum og bað hann um að senda sér nýja verkið sem hann fékk loks í febrúar næsta árs. Mozart svaraði strax: „Nýja *Haffner*-sinfónían kemur mér þægilega á óvart því að ég var búinn að gleyma hverri einustu nótu sem ég skrifaði, kemur örugglega til að virka vel“. Í kjölfarið endurskoðaði hann sinfóníuna, tók út jaðarþættina sem voru marsar og bætti flautum og klarínetum í tréblásarahópinn. *Haffner*-sinfónían var síðan frumflutt í Burgtheater í Vín 23. mars 1783 að viðstöddum Joseph II keisara og var firnavel tekið. Sinfónían markaði þáttaskil í tónsköpun Mozarts og er meðal hans vinsælustu verka. Af Haffner-systkinunum sem urðu kveikjan að meistaraverkunum tveimur er það að segja, að þeim varð ekki langra lífdaga auðið og dóu þau bæði á undan Mozart, en hann gerði ættarnafn þeirra ódauðlegt í verkunum tveim.

---

### Tónlistin á Íslandi

Það var norsk hljómsveitarstjórinn Olav Kielland sem stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands þegar hún flutti Haffnersinfóníu Mozarts í fyrsta sinn vorið 1952. Síðast hljómaði hún í Eldborgarsal Hörpu í febrúar 2013 undir stjórn þýska hljómsveitarstjórans Hermanns Bäumer og var það ellefti flutningur hljómsveitarinnar á þessu meistaraverki Mozarts.

*Sigurður Ingvi Snorrason*

## Nærmynd

Peter Tompkins, óbóleikari



Peter Tompkins er frá Kent í Englandi en hefur búið á Íslandi í tæp þrjátíu ár.

„Ég heillaðist snemma af óbóinu og frá átta ára aldri hef ég og hjarðpípan verið óaðskiljanlegir förunautar. Snemma á grunnskólaárunum kynntist ég töfraheimi hljómsveitarinnar þar sem ríkulega var búið að tónlist í mínu skólaumhverfi frá fyrstu tíð. Nýútskrifaður, þá 22 ára gamall, lá leið mín til Íslands eftir prufuspil í London.

Barokktónlist hefur alla tíð heillað mig og lék ég á barokkóbó í mörg ár með Bachsveitinni í Skálholtskirkju sem var stofnuð af Helgu Ingólfssdóttur. Það er hins vegar mjög ólíkt að leika barokktónlist í símfóníuhljómsveit samanborið við barokksveit. Bæði er blær upprunahljóðfæranna allur annar og eins nást fram aðrir túlkunarmöguleikar. Það má því segja að hér séu á ferðinni mjög ólíkir hljóðheimar, báðir safaríkir. Að mínu mati á barokktónlist heima í hvaða hljómsveit og hljóðfærasamsetningu sem er, enda er mikill kraftur í tónlistinni og oft gríðarlega fallegar laglínur. Meðal annarra sömdu Bach, Händel og Vivaldi ódauðlegar perlur fyrir barokkóbóid, en samtímatónskáld hafa einnig skrifað spennandi tónlist fyrir hljóðfærið.

Ein eftirminnilegasta og jafnframt sérstakasta hljómsveitarreynsla mín var á Tectonics-tónlistarhátíð Símfóníuhljómsveitarinnar í Hörpu. Þá lék ég í samtímaverki á barokkóbóid, staðsettur ofan á flekanum fyrir ofan hljómsveitina í Eldborg. Til að komast á flutningsstaðinn þurfti ég að taka lyftu frá áttundu hæð niður á flekann í fylgd öryggisvarðar ef vera kynni að lyftan bilaði og það þyrfti að slaka okkur niður í kaðli.”



Á döfinni

## Jólatónleikar Sinfóníunnar

**Lau. 12. des. » 14:00 » 16:00**

**Sun. 13. des. » 14:00 » 16:00**

Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar hafa notið gífurlegra vinsælda og eru fastur liður í jólahaldi margra fjölskyldna. Hér er hátíðleikinn í fyrirrúmi og fluttar eru sígildar og heillandi jólaperlur. Barbara trúður kynnir tónleikana af sinni alkunnu snilld auk þess sem þeir verða túlkaðir á táknmáli. Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts leikur jólalög á undan tónleikunum.

**Leroy Anderson** Jólaforleikur

**Georg Friedrich Händel** Gleðileg jól

**Émile Waldteufel** Skautavalsinn

**R. & K. A. Lopez** Viltu koma og gera snjókarl?

**Ronan Hardiman** Lávarður dansins

Sígild jólalög

**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstjóri

**Trúðurinn Barbara** sögumaður

**Dísella Lárusdóttir** og **Kolbrún Völkudóttir** einsöngvarar

**Pétur Orri Arnarsson** einleikari á klarínett

**Laufey Lín Jónsdóttir** einleikari á selló

Kórar úr Langholtskirkju, táknmálskórinn Litlu sprotarnir,

Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar,

dansarar úr Listdanskóla Íslands,

fiðluhópur Lilju Hjaltadóttur.



## Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Mæðginin Ágústa María Jónsdóttir og Stefán Jón Bernharðsson eru hluti af mikilvægri heild.



**Stefán Jón:** Ég var auðvitað alveg grænn fyrst þegar ég byrjaði í sveitinni fyrir fimmtán árum síðan.

**Ágústa:** Já, en þetta vandist fljótt og ætli þetta hafi ekki snúist við í dag, þú alir mig upp. Það er allavega **stuðningur** í því að vinna með fjölskyldumeðlimum.

Sagt er að ákveðnar manngerðir leiki á viss hljóðfæri, eða skyldu hljóðfærin á einhvern hátt hafa mótandi áhrif á manneskjurnar?

Að sitja inni í miðri hljómsveit þegar allt er komið á fulla ferð er merkileg upplifun sem Ágústa María Jónsdóttir þekkir vel. Hún kom til starfa í

Sinfóníuhljómsveit Íslands undir lok áttunda áratugarins. Tónlistarnámið stundaði hún hér heima og í sjálfri háborg tónlistarinnar, Vín í Austurríki, þar sem menn á borð við Mozart og Beethoven sömdu verk sín forðum daga. Þó að fiðlan sé í öndvegi í sínfónískum tónverkum eru hornin

engu að síður meðal glæsilegustu hljóðfæra sínfóníuhljómsveitar og einn tónlistarmannanna sem blæs í þau er Stefán Jón, sonur Ágústu.

Það er gott að vita að í hljómsveitinni komi kynslóðirnar saman með eitt markmið – að þjóna tónlistargyðjunni.

*GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.*

**GAMMA**

[www.gamma.is](http://www.gamma.is)

# Hljómsveit á tónleikum

3. desember 2015

## 1. FIÐLA

Nicola Lolli  
Sif Margrét Tulinius  
Una Sveinbjarnardóttir  
Zbigniew Dubik  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Andrzej Kleina  
Laufey Jensdóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir

## 2. FIÐLA

Roland Hartwell  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Christian Diethard  
Hlín Erlendsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Ingrid Karlsdóttir  
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir

## VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Sarah Buckley  
Móeiður Sigurðardóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir

## SELLÓ

Hrafnkell Orri Egilsson  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Margrét Árnadóttir  
Inga Rós Ingólfssdóttir

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

## FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir  
Martial Nardeau

## ÓBÓ

Andrés Fernández Pérez  
Peter Tompkins  
Eydis Franzdóttir

## KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir  
Rúnar Óskarsson

## FAGOTT

Brjánn Ingason  
Rúnar Vilbergsson

## HORN

Stefán Jón Bernharðsson  
Emil Friðfinnsson

## TROMPET

Einar Jónsson  
Ásgeir Steingrímsson

## SEMBALL

Guðrún Óskarsdóttir

## PÁKUR

Frank Aarnink

Arna Kristin Einarsdóttir *framkvæmdastjóri*  
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*  
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*  
Grimur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*  
Hjördis Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*  
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*  
Sigbór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*  
Greipur Gíslason *verkefnastjóri*  
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*  
Jökull Torfason *umsjónarmaður nótna*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Sigrún Eðvaldsdóttir

Nýr hljómdiskur Sinfóníuhljómsveitar Íslands er kominn út.

Sinfóníuhljómsveit Íslands sendir frá sér nýjan hljómdisk í röð sem endurspeglar mikilvæg augnablik helstu einleikara úr röðum hljómsveitarinnar.

Sigrún Eðvaldsdóttir er í hlutverki einleikarans á þessum nýja diskum sem inniheldur fjóra af þekktustu fiðlukonsertum tónbókmenntanna frá 19. og 20. öld, eftir Brahms, Dvořák, Sibelius og Berg. Konsertarnir eiga það sameiginlegt að einleikshlutverk þeirra allra er mjög krefjandi, bæði hvað tækni og mótun varðar en um leið er hlutverk hljómsveitarinnar íburðarmikið.

Sigrún Eðvaldsdóttir, 1. konsertmeistari hljómsveitarinnar, hefur skipað sér sess sem einn fremsti flytjandi klassískrar tónlistar á Íslandi og skapað sér gott orðspor á alþjóðlegum vettvangi.

Diskurinn verður til sölu á sérstöku kynningarverði fyrir framan Eldborg, í hléi og eftir tónleika.



# Vínartónleikar 2016

Fim. 7. jan. » 19:30

Fös. 8. jan. » 19:30

Lau. 9. jan. » 16:00, 19:30

**Ola Rudner**

*hljómsveitarstjóri*

**Guðrún Ingimarsdóttir** og

**Elmar Gilbertsson**

*einsöngvarar*

Verð frá 3.400 kr.

Tryggið ykkur miða

Árlegir Vínartónleikar Sinfóníu-  
hljómsveitar Íslands, sem mörgum  
þykir ómissandi upphaf á nýju ári,  
eru vinsælustu tónleikar hljóm-  
sveitarinnar þar sem glæsileiki  
og glaðværð eru ríkjandi.



Aðalstyrktaraðili:

**GAMMA**